



Fundur háskólaráðs 21. nóvember 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 18.11.2002
Dags: 21.11.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

18/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, fimmtudaginn 21. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, María Guðmundsdóttir, Anna Soffía Hauksdóttir, Hjalti Hugason, Stefán Svavarsson, Ármann Höskuldsson, Þórður Harðarson, Þorsteinn Loftsson og Davíð Gunnarsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram bréf rektora Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri til menntamálaráðherra og fjármálaráðherra, dags. 14. nóvember 2002.
- Rektor gerði grein fyrir málinu.
- 1.2 Lagðar fram reglur háskólaráðs um stjórnunar- og aðstöðugjald, skv. 72. gr. Reglna Háskólans nr. 458/2000, sbr. samþykkt háskólaráðs 15. apríl sl.
- Málinu vísað til rekstrar- og framkvæmdasviðs til frekari útfærslu. Framkvæmd reglnanna verður kynnt betur síðar.
- 1.3 Lagt fram minnisblað rannsóknasviðs, rannsóknir við H.Í., árangur og samanburður við aðra háskóla, dags. 21. nóvember 2002.
- Málið var rætt og þeim tilmælum beint til rannsóknasviðs að minnisblaðið verði útfært frekar.
- 1.4 Lagt fram bréf frá formanni Félags háskólakennara, dags. 14. nóvember 2002, varðandi háskólakennara í lagadeild með 20% starfshlutfall og enga rannsóknaskyldu.
- Málinu vísað til umsagnar í kennslumálanefnd, vísindanefnd og lagadeild.
- 1.5 Lagðar fram upplýsingar um nýja sjónvarpsþætti um íslensk vísindi og rannsóknir.
- Magnús Diðrik Baldursson kynnti málið.
- 1.6 Lagt fram viðtal við Pál Skúlason, rektor sem birtist i Morgunblaðinu 21. nóvember 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram drög að tillögu akademískrar stjórnarsýslu og rektorsskrifstofu að verklagi við meðferð umsókna um störf þar sem hæfnisdóms er krafist, dags. 18. nóvember 2002.
- Málið var rætt.
- 2.2 Lagðar fram tillögur starfshóps deildarforseta um starfsmannamál, dags. 5. september 2002.
Málið var rætt og ákveðið að hópur þriggja ráðsmanna fari yfir tillögurnar og setji fram tillögur um framkvæmd þeirra. Starfshópin skipa Þorsteinn Loftsson, formaður, Stefán Svavarsson og Hjalti Hugason.
- 2.3 Lagðar fram tillögur að reglum um framhaldsnám í heimspekideild. Samþykktar á deildarfundum 27. september og 8. nóvember 2002.
- Frestað.

- 2.4 Lagt fram bréf frá Þórólfi Matthíassyni, formanni Félags háskólakennara, dags. 18. nóvember 2002. Stjórn félagsins lýsir miklum vonbrigðum með að ekki skuli hafa verið leitað til félagsins um að tilnefna fulltrúa í nefnd til að endurskoða ákvæði laga og reglna um dómnefndir og fleiri þætti ráðningarmála.
- Málið var rætt og samþykkt að Jóhannes R. Sveinsson, varamaður fulltrúa Félags prófessora og Félags háskólakennara í háskólaráði, taki sæti í nefndinni.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Um forsendur skiptingar fjárveitinga til Háskólans. Framhald umræðu.
- Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt rækilega. Í umræðunni var sérstaklega vikið að vanda fámennra greina, sem er um margt ólíkur eftir því hvaða grein á í hlut. Svaraði rektor ásamt Ingjaldi Hannibalssyni, formanni fjármálanefndar, framkomnum spurningum og athugasemdum. Umræðunni verður áfram haldið á næsta fundi. Lagt var fram undir þessum dagskrárlið minnisblað deildarforseta verkfræðideildar og raunvísindadeildar um aðferðir við skiptingu fjárveitinga innan H.Í., dags. 20. nóvember 2002.
- 3.2 Samningar H.Í. og SHÍ, sbr. síðasta fund.
- Rektor reifaði málið. Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá samningi við Stúdentaráð um rekstur skrifstofu og um þjónustu við nemendur. Rektor var einnig falið að ræða nánar við Félagsstofnun stúdenta um þjónustumiðstöð stúdenta sem ætlað er að sinna húsnæðismiðlun, kennslumiðlun og barnagæslumiðlun.
- 3.3 Tillögur að breytingu á 8. gr. og 42. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. síðasta fund.
- Breytingatillögurnar samþykktar einróma.

4. Önnur mál

- 4.1 Gæði háskólastarfs og samkeppnisgrundvöllur háskóla á Íslandi.
- Rektor reifaði þau sjónarmið sem fram hafa komið að undanfögnu í opinberri umræðu um gæði háskólastarfs og samkeppnisgrundvöll háskóla á Íslandi, m.a. í framhaldi af tillögum nefndar um endurskoðun á löggjöf um háskólastigið.
- Málið var rætt ítarlega.